



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. nóvember 2019.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um markvissa fræðslu um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum, 150. löggjafarþing 2019-2020, þskj. 165, 165. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar sem fjallar um að veitt verði fjármagn til að markvisst megi efla fræðslu og forvarnir um kynjafræði, kynfrelsi, sjálfsákvörðunarrétt og þýðingu samþykkis í kynferðislegum samskiptum. MRSÍ styður tillöguna og fagnar henni jafnframt.

Skrifstofan telur mikla þörf á fræðslu og forvörnum í þessum málaflokki og telur nauðsynlegt að slíkt hefjist strax hjá yngri deildum grunnskóla, líkt og þingsályktunin gerir ráð fyrir. Ljóst er að kynferðis ofbeldi og áreitni er víðfemt vandamál sem ekki er síst kynt undir með klámneyslu barna og unglunga, einkum drengja. Vöntun er á markvissri og formfastri fræðslu svo hægt sé að uppræta þetta þjóðfélagsmein.

Þá er einnig ljóst að með fullgildingu Istanbúlsamningsins skuldbatt Ísland sig til að berjast markvisst gegn ofbeldi gegn konum, kynferðisofbeldi jafnt sem heimilisofbeldi og efla aðgerðir gegn því bæði með fræðslu í skólum sem og forvörnum hjá félagasamtökum. Þingsályktun þessi er því skref í rétta átt til að uppfylla þær skuldbindingar sem í fullgildingunni felast.

MRSÍ tekur enn fremur undir með flutningsmönnum tillögunnar að tímabært sé að leggja af stað í varanlega vegferð þar sem fjármagn verði tryggt til að allir fái viðeigandi fræðslu um ofbeldi, samskipti, kynfræðslu og gildandi lög og reglur. Rétt er að tímabundin átök um fræðslu og forvarnir í þessum málaflokki hafa skilað miklum árangri en það eitt og sér dugar ekki til.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri